
Starfs- og fjárhagsáætlun

Borgarráð

30. október 2026

Skipurit


Stjórn
Framkvæmdastjóri
Innri þjónusta og rekstur
Þjónusta og sala
Þróun og skipulag

Hvar erum við og hvert stefnum við?

2026

- Nýtt félag tekur við fullum rekstri
- Ný skrifstofa tilbúin í lok ágúst
- Fyrsti hópur starfsfólk frá Strætó bs. kom í maí
- Síðasti hópur kemur inn í september (stjórnstöð)
- Nýtt skipurit – áherslubreytingar
- Samþætting sviða: Stjórnstöð og þjónustuver
- Greiningar á hugbúnaði, tækjabúnaði og gögnum
- Stefnumörkun á þjónustuáætlun, aðgerðum og mælikvörðum
- Útboð á akstri 2028

2027

- Ný þjónustuviðmið innleidd
- Stefnumótun þjónustuáætlunar
- Stefnumótun aðgerða og innleiðing
- Lykilmælikvarðar
- Gögn og mælaborð
- Sýnileiki og mörkun

Hlutverk

ASHB **þróar**, **skipuleggur**, **miðlar** og **rekur** almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu svo þær verði **einfaldur**, **áreiðanlegur** og **hagkvæmur** kostur í daglegum ferðum.

Við þróum

- Leiðakerfi og tímatöflur
- Þjónustustig, gjaldskrár og fargjaldastefnu
- Uppbyggingu tengdra þjónustuinnviða
- Stafrænar lausnir og upplýsingamiðlun

Við stýrum

- Kaupum á akstri og þjónustu með skýrum samningum
- Gæðum, áreiðanleika, öryggi og árangri
- Gagnainnviðum og kerfum sem bæta þjónustu og styðja gagnadrifnar ákvarðanir

Við stöndum fyrir

- Traust, áreiðanleika og gæði
- Upplýsingamiðlun, greiningar og opin gögn
- Virðisaukandi samtali við alla hagaðila og eigendur
- Samtali um þróun í skipulagsmálum og innviðauppbyggingu

Leiðarljós

Leiðarljósin nýtast við forgangsröðun verkefna, ákvarðanir og eftirfylgni.

1

Viðskiptavinurinn fyrst

Viðskiptavinurinn í forgrunni, jákvæð upplifun og þægindi.

2

Áreiðanleiki og einfaldleiki

Þjónustan á að vera fyrirsjáanleg, aðgengileg og auðskilin — frá skipulagningu til greiðslu og eftir þjónustu.

3

Skýr ábyrgð og gæði

ASHB stýrir markmiðum, viðmiðum og árangri, rekstraraðilar bera skýra ábyrgð á framkvæmd.

4

Gögn leiða ákvarðanir

Við mælum það sem skiptir máli, deilum gögnum þar sem það skapar virði og bregðumst hratt við frávikum.

5

Samfélagslegt virði og sjálfbærni

Öryggi, aðgengi og hagkvæmni eru hluti af hverri ákvörðun.

Fjórar stefnumarkandi áherslur (2026-2029)

Áherslurnar sameina hlutverk ASHB, þarfir viðskiptavina og þau viðfangsefni sem blasa við félaginu

01 Einfalt og notendamiðað ferðalag

Þjónusta sem mætir þörfum viðskiptavina og er auðvelt að skilja, treysta og nota.

02 Gæði, áreiðanleiki og skilvirkur rekstur þjónustunnar

Öflug samnings- og gæðastýring í tengslum við þjónustuveitingu akstursaðila.

03 Stafrænar lausnir og gagnadrifin nálgun

Tækni innviðir og gagnahögun sem bætir upplifun, eykur gæði styður bestun í rekstri og samþættingu þjónustu.
Við erum opin og hvetjum til samstarfs.

04 Öflug ímynd, fleiri viðskiptavinir og stærri markhópur

Almenningssamgöngur sem burðarás í samfélagsþróun með jákvæða ímynd og fleiri viðskiptavinum

Öflug ímynd, aukið traust og fleiri viðskiptavinir

Almenningssamgöngur sem burðarás í samfélagsþróun með jákvæða ímynd og fleiri viðskiptavinum

Áhersluverkefni

- Mörkun sem byggir á einu þjónustukerfi.
- Kynningarstarf og miðlun.
- Fyrirtækjasala – markhópa greiningar og sala.
- Þróa þjónustu með hliðsjón af innviðauppbyggingu (Borgarlínu), og uppbyggingu annarra ferðamáta göngu, hjólum og öðrum sjálfbærum ferðamátum
- Þróa samstarf ríkis, sveitarfélaga, Betri samgangna, rekstraraðila og annarra hagaðila um sameiginleg markmið.
- Að innleiða markvisst ferli við endurmat á tíðni leiðakerfis.

Árangursmælikvarðar

4.1 Traust aukist um 10 prósentustig frá 2026

4.2 Vöxtur í innstigum aukist um +15% frá 2023

4.3 Hlutdeild almenningssamgangna +3 prósentustig

Áherslur verkefna 2027

Samræmd framsetning í fjórum meginþráðum: farþegar, gögn, rekstrarlegar undirstöður og leiðakerfi 2027.

Fjölga farþegum

Við ætlum að innleiða skilvirkara greiðslu- og þjónustuferli sem lækkar þröskulda fyrir notendur.

- **Einfalda** nýliðun / onboarding
- **Laga** vankanta við núverandi **greiðslukerfi** og bjóða **nýjar lausnir** fyrir farsíma
- Formfesta **afsláttarkerfi**
- Bjóða upp á **lausnir fyrir fyrirtæki**
- Opna á krosssölu miða með ytri aðilum **(MaaS)**
- **Ímyndauppbygging** - Upplýsingahönnun og endurmörkun

Árangursmælikvarðar: 1.1, 1.2, 4.1, 4.3

Heilbrigði gagna og aukið aðgengi

Við ætlum að nota tæknilausnir og gervigreind til að kortleggja notkun og bæta þjónustuna á grundvelli gagna.

- Byggja upp **innviði** gagna
- Þróa **upplýsingagáttir** fyrir:
  - Innri starfsemi
  - Akstursaðila
  - Þróunar- samstarfsaðila
  - Almenning
- Innleiða **sjálfvirkt** talningarkerfi
- Innleiða **vöktunarkerfi** fyrir þjónustur og kerfi

Árangursmælikvarðar: 3.1, 3.3

Heilbrigður rekstur til framtíðar

Við ætlum að styrkja undirstöður rekstursins og tryggja skýrari yfirsýn, ábyrgð og eftirfylgni.

- **Skýrari** rekstrar- og kostnaðaryfirsýn
- **Samræma** innkaup og innkaupaferli
- Markviss **eftirfylgni** með samningum
- Skýr **ábyrgð** á birgjum, frávikum og úrbótum

Árangursmælikvarðar: 2.1, 2.3

Megináherslur leiðakerfis 2027

Við ætlum að þróa leiðakerfið með hliðsjón af framkvæmdum, uppbyggingu, stundvísi og nýjum þjónustuformum.

- **Endurskilgreina** þjónustuform/flokkun í leiðakerfin t.d. A-leið, S-leið, Hraðleið
- Þjónusta við **ný hverfi** og markvissar þjónsutubætur og nýsköpun (DRT)
- Tímatöflulagfæringar og **bestun** leiðakerfis
- **Aðlögun** leiðakerfis vegna framkvæmda og borgarlínu

Árangursmælikvarðar: 1.1 , 2.2, 4.2


ASHB

Leið 8


Lenging leiðar vegna framkvæmda Borgarlínu við Nauthólsveg

Kostnaður

12-15 m.kr. á ári




Leið 8 í dag ekur á einum vagni á 10 mínútna fresti virka daga kl. 7:00 til 18:00.
Leið 5 ekur þennan kafla á kvöldin og um helgar



Innleitt **strax í haust**

ASHB


Leið 8



HR – BSÍ



Framkvæmdir á Nauthólsvegi - Lenging að miðborg



Fossvogsbrú tilbúin – lenging að Boðaþingi



Lota 1 tilbúin – Borgarlínuleið

Leið 1

Viðbótarvagnar á annatíma á morgnana til að anna eftirspurn

Áður voru **aukavagnar** með **tveimur ferðum**
á morgnana meðan skólarnir eru í gangi

Innleitt **strax í haust**

Við leggjum til að fjölga þeim í 5, a.m.k.
tímabundið meðan **mesta álagið er á haustin**

Kostnaður
10-15 m.kr. á ári (mv. 3 mánaða tímabili)

Um næstu **áramót eða haust 2027**

Við leggjum til að auka tíðni úr
30 mín í 15 mín kl. 18-21 virka daga
30 mín í 15 mín kl. 13-18 á laugardögum

Kostnaður
55-65 m.kr. á ári

2x
tíðni



Gufunes

Bætt þjónusta við Gufunes



Leið 25 er í dag **pöntunarleið** á hálftíma fresti virka daga og um helgar

Ferðir eru eknar af leigubíl og fyrstu þrjár ferðir á morgnana frá Gufunesi eru fastar og þarf ekki að panta

Fastur vagn í stað leigubíls

Kostnaður

30-40 m.kr. á ári




Greina betur og stefna að **innleiðingu haustið 2027**

Lenging leiðar 31 í Gufnues á annatíma (20 mín tíðni)

Kostnaður

60-70 m.kr. á ári



Rekstur

- Kostnaður við rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu eru **11.5 ma.kr.** á árinu 2026.
  - 91% er kostnaður vegna aksturs.
  - 9% er kostnaður vegna ASHB þ.e. rekstur, útboð, eftirfylgni og þjónusta leiðakerfisins.
    - 70% af kostnaði ASHB er vegna launa og tækniinnviða.

- Ásamt því að betrumbæta leiðakerfið, stýrir ASHB útvistun á öllum akstri strætisvagna sem og orkuskiptum flotans sem grunnútreikningar sýna að geti leitt til hagræðingar um hundruð milljóna á ársgrundvelli.

- Til þess að svo geti orðið, er í áætlun 2027 meðal annars lögð til fjárfesting í hleðsluinnviðum og tækni sem eru forsendur þess að geta náð fram þeirri hagkvæmni sem lagt er upp með:
  - minna háð jarðeldsneyti og þeim kostnaðarsveiflum sem þeim fylgja
  - minnkun tómvagnaaksturs
  - betri nýting leiðakerfisins með gagnadrifnum ákvörðunum

Áætlun 2026 og 2027

í m.kr.	2026	2027		(+/-)	%
Fargjöld	2.433	2.494		61	3%
Aðrar tekjur	428	356		-72	-17%
Samtals tekjur	2.861	2.850		-11	0%
Akstur Strætó	-4.283	-4.340		-57	1%
Akstur verktaka	-6.166	-6.783		-617	10%
Rekstrarniðurstaða I	**-7.588**	**-8.272**		**-685**	**9%**
Laun	-570	-619		-49	9%
Annar kostnaður	-457	-438		19	-4%
Rekstrarniðurstaða II	**-8.615**	**-9.329**		**-715**	**8%**
Innleiðing og tilfærsla	-380			380	
Þjónustuaukning		-185		-185	
Tímabundin aukning v/framkv. + Leið 8		-168		-168	
Gagnavæðing – talningarkerfi		-130		-130	
Hleðsluinnviðir (orkuskipti)		-578		-578	
Fjárfesting samtals	-380	-1.060		-680	179%
Rekstrarniðurstaða samtals	**-8.995**	**-10.389**		**-1.395**	**13%**
Framlag ríkisins (33%)	-2.968	-3.428		-460	13%
Framlag sveitarfélaga (67%)	-6.026	-6.961		-934	13%
Samtals framlög	**-8.995**	**-10.389**		**-1.395**	**13%**
Leiðrétting v/ uppfærslu á áætlun	8				
Leiðrétt rekstrarniðurstaða	**-8.987**	**-10.389**		**-1.395**	**13%**

Áætlun 2027 - 2031

í m.kr.	2027	2028	2029	2030	2031
Fargjöld	2.494	2.645	2.805	2.975	3.155
Aðrar tekjur	356	369	382	395	409
Samtals tekjur	2.850	3.013	3.187	3.370	3.564
Akstur Strætó	-4.340	-4.490	0	0	0
Akstur verktaka	-6.783	-7.018	-11.909	-12.322	-12.750
Rekstrarniðurstaða I	**-8.272**	**-8.495**	**-8.722**	**-8.953**	**-9.187**
Laun	-619	-640	-662	-685	-709
Annar kostnaður	-438	-453	-469	-485	-502
Rekstrarniðurstaða II	**-9.329**	**-9.589**	**-9.854**	**-10.123**	**-10.398**
Innleiðing og tilfærsla	0	0	0	0	0
Þjónustuaukning	-185	-475	-491	-509	-526
Tímabundin aukning v/framkv. + Leið 8	-168	-173	-179	-186	-192
Gagnavæðing – talningarkerfi	-130	-52	-54	-55	-57
Hleðsluinnviðir	-578	-72	-75	-78	-80
Fjárfesting samtals	-1.060	-772	-799	-827	-856
Rekstrarniðurstaða samtals	**-10.389**	**-10.361**	**-10.653**	**-10.950**	**-11.254**
Framlag ríkisins (33%)	-3.428	-3.419	-3.515	-3.614	-3.714
Framlag sveitarfélaga (67%)	-6.961	-6.942	-7.137	-7.337	-7.540
Samtals framlög	**-10.389**	**-10.361**	**-10.653**	**-10.950**	**-11.254**

Starfs- og fjárhagsáætlun

Borgarráð

30. október 2026